

Alþingi
Erindi nr. P 141/130
komudagur 16.10.2012

Til Allsherjar- og Menntamálanefndar

Hér eru tvö atriði sem mér finnast athugaverð við frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003 (Þingskjal 201 — 198. mál).

Þrennt ætti að hafa í huga varðandi hugmyndina um að krefjast opins aðgangs að vísindagreinum sem verða til vegna starfs sem fjármagnað er af þeim styrkjum sem hér er fjallað um:

1) Þetta er góðra gjalda vert, og væri frábært frumkvæði ef það yrði til að auka þrýstinginn á útgefendur að opna allt efni, sem er brýnt mál, því hlutverk þeirra hefur löngu breyst úr því að tryggja dreifingu efnis í að hindra hana, til að auka gróða sinn. (Það má líka minna á í þessu sambandi að þótt þetta sé ekki algilt gildir yfirleitt að útgefendur vinna ekkert af þeirri vinnu sem máli skiptir við útgáfu vísindarita; það gerir vísindafólk sem fær ekkert greitt fyrir, enda er þetta álitinn sjálfsgæður hluti af vísindastarfinu. Með því að birta allt á netinu hverfur allt hlutverk útgefendanna.)

2) Vandamál í þessu sambandi er að ef vísindafólki, sérstaklega því sem er í upphafi ferils síns, er meinað að birta í ritum sem ekki eru opin getur það haft slæm áhrif á framgang þess, því burtséð frá því hversu slæmir slíkir fordómar eru (um að gæði tímarits tryggi gæði einstakra greina) þá eru þeir útbreiddir, og ég treysti mér ekki til að ráða ungu fólki á mínum snærum til að sniðganga þessi tímarit, og held það gildi um flest vísindafólk sem ber ábyrgð á ferli yngra fólks.

3) Það er heldur engin lausn að viðkomandi greinar væru aðgengilegar Íslendingum. Þeir eru svo örliðið brot af þeim sem hafa gagn af slíkum aðgangi (og hafa hann nánast allir hvort eð er). Þetta er því tilgangslaust ákvæði nema ætlunin sé að fylgja því eftir með skipulögðum þrýstingi gegn útgefendum. Það væri hins vegar góð hugmynd, en þá þyrfti líklega að fá önnur lönd með í slaginn.

Varðandi Markáætlanir má segja að þær fari gegn öllu því sem jákvætt er í eflingu góðs vísindastarfs. Ástæðan er einföld: Hvorki stjórnáttalmennt, né fólk í stjórnunarstöðum innan vísindasamfélagsins (né nokkur annar), geta spáð fyrir um hvaða rannsóknir, eða hvaða svið, séu vænleg til árangurs. Ef aðrar áherslur en þær eru lagðar til grundvallar, þ.e.a.s. ef styrkir eru veittir á öðrum forsendum en gæðum vísindafólks og verkefna sem það leggur fram, þá er einfaldlega verið að hygla undirmálsstarfi. (Skásta þekktu matið á gæðum vísindafólks er jafningjamatið. Það er gallað, en um það gildir sama og lýðræðið; enginn hefur látið sér detta neitt skárri í hug.)

Rökin sem yfirleitt eru færð fyrir markáætlunum eru augljóslega gölluð: Ef eitthvert svið er mikilvægt, þá er ekki hægt að efla það með því að styrkja lélegt vísindafólk. Ef fólk sem starfar á sviðinu er gott þarf það enga sérmeðferð.

Dæmin um að lélegar umsóknir hafi verið styrktar eru of mörg. Ég veit sjálfur um tvö slík tilfelli frá þeim örstutta tíma sem ég tók þátt í mati á umsóknum á Íslandi (2005 og 2006), þar sem umsóknir sem ekki fengu styrki í samkeppninni í sínum fagraðum fengu styrk í markáætlun. Það er fráleitt að halda fram að það sé til góðs að styrkja lök verkefni af því að þau séu á "mikilvægu" sviði.

Dæmin um hversu vonlaust er að sjá fyrir hvaða rannsóknir séu mikilvægar, hvað þá að þær leiði til beins samfélagslegs ávinnings, eru mýmörg. Allir kannast við penisillínið og leysigeislann, en engan gat órað fyrir afleiðingunum af þeim uppgötvunum. Sama gildir um Google-leit, sem á örskömmum tíma varð leiðandi af því að hún byggði á tiltölulega einfaldri stærðfræðihugmynd sem notuð var á snjallan hátt. Ég á erfitt með að ímynda mér að margt vísindafólk, hvað þá fólk í stjórnunarstöðum, hefði getað séð fyrir þá atburði. Annað fyrirtæki sem olli straumhvörfum í netsamskiptum, og sem við erum flest háð á hverjum degi án þess að vita nokkuð um það, er Akamai. Það byggist á algóritma sem varð til í algerlega fræðilegu samhengi, þar sem engum datt umtalsverð hagnýting í hug þegar fræðilegu vandamálin voru leyst.

Í stuttu máli gera góðar markáætlanir aldrei neitt annað en að staðfesta það sem þegar er vitað, og þarf því ekki að styrkja með sértækum hætti. Þær leiða í sjálfum sér aldrei til sérstakra framfara, umfram það sem hvort eð er hefði gerst. A.m.k. hef ég aldrei séð dæmi um slíkt, en ef þið vitið til þess þætti mér vænt um að fá að heyra.

Markáætlanir bjóða líka heim spillingarhættu. Það vekur t.d. augljósar, og vondar, grunsemdir að ein af fyrstu íslensku markáætlununum var á sérsviði þáverandi formanns Vísindanefndar.

Bestu kveðjur,

Einar Steingrímsson

13. nóvember 2012

Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) vill lýsa yfir ánægju með að frumvarp er komið fram um sameiningu Rannsóknasjóðs og Rannsóknarnámssjóðs, breytingu á Tækjasjóði í Innviðasjóð og að veita Markáætlun stoð með lögum. Ákvæði um niðurstöður rannsókna varðandi opinn aðgang er til bóta. Það eru þó, nokkur atriði sem Rannís vill vekja máls á:

1. Tækjasjóður er tiltölulega lítill sjóður, skv. fjárlagafrumvarpi 2013 eru til ráðstöfunar 106 m. kr. Samkvæmt frumvarpinu er Innviðasjóður ekki einungis fyrir ríkisaðila (rannsóknastofnanir og háskóla), sbr. núverandi lög, heldur jafnframt fyrirtæki. Ekki er gerð athugasemd við það, heldur smæð sjóðsins og mikla þörf fyrir uppbyggingu innviða hvort sem er hjá ríkisaðilum eða fyrirtækjum.

Vakin er athygli á því að núverandi Tækjasjóði hefur verið skylt að leggja til hliðar fjármuni undanfarin ár og er í lok árs 2011 inneign hjá ríkissjóði að upphæð nærri 300 m. kr. Með víðtækara hlutverki er því eðlilegt að stefnt sé að því að sjóðurinn stækki og ekki síst að losað sé um fjármuni sem ekki hefur verið heimilt að nota til stuðnings uppbyggingar innviða/tækja.

2. Í 1. gr. frumvarpsins a. lið má bæta við málslið þar sem lagt er til að „... á Íslandi“ falli út úr 2. gr. Í I. kafla um markmið kemur fram að „Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám á Íslandi.“ Með þessari breytingu má gera ráð fyrir meiri sveigjanleika til að takast á við alþjóðlegt samstarf, þó eftir sem áður skuli sjóðurinn vinna að því að „efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi“. Vísindarannsóknir og rannsóknarnám getur farið fram erlendis af Íslendingum (ef vill) og þar með þjónað íslenskum hagsmunum.

3. Í 4. gr. frumvarpsins, 5. gr. laganna, kemur fram í annarri málsgrein eins og um eitt fagráð sé að ræða, en í málsgreininni á undan er fjallað um að fagráðin eru fleiri en eitt og á helstu sviðum vísinda. Æskilegt er að fjalla um þau í fleirtölu í allri lagagreininni.

4. Athygli vekur að í umfjöllun um úthlutunarreglur 5. gr. a. í frumvarpi, að „Stjórn sjóðanna gefur út reglur um umsóknir, málsmeðferð þeirra og úthlutun eigi síðar en sex vikum fyrir lok umsóknarfrests viðkomandi sjóðs og skulu þær kynntar ráðherra.“ Í 2. gr. laganna kemur fram að sjóðurinn skuli veita styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs auk þess sem stjórn sjóðsins gengur frá handbók fyrir umsækjendur. Lagt er til að „og þær skulu kynntar ráðherra“ falli út, en ráðherra hefur ávallt aðgang að upplýsingum um sjóði og annað sem að þeim lítur, enda yfirmaður þeirra.

5. Í 6. gr. frumvarpsins varðandi 1. tölul. 10. gr. laganna segi: Innviðasjóðs og Markáætlunar á sviði vísinda og tækni. Lagt er til að bæta við „og nýsköpunar“ til að áréttta vítt hlutverk, sérstaklega markáætlunar, sbr. 5. gr. b. lið og þá standi Innviðasjóðs og Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar.

Að lokum þá kemur fram í umsögn um frumvarpið að „Í frumvarpinu eru þau nýmæli lögð til að niðurstöður rannsókna sem fengið hafa styrki úr samkeppnissjóðunum verði birtar í opnum aðgangi. Ekki er talið að þetta hafi verulegan kostnað í för með sér þar sem t.d. birting rannsóknamiðurstaðna á heimasíðu uppfyllir viðmið um opinn aðgang.“ Rannís hefur undirbúið reglur um birtingu á niðurstöðum í opnum aðgangi, en gerð verður krafa um að niðurstöður verkefna sem Rannsóknasjóður styrkir séu birtar á alþjóðlegum vettvangi, í ritryndum viðurkenndum tímaritum eða öðrum ritverkum sem eru aðgengileg almenningi. Um er að ræða tvær megin leiðir, að birta efnid í tímariti með opinn aðgang og hinsvegar að senda efnid til geymslu í opnu varðveislusafni. Það er því ekki um að ræða birtingu á heimasíðu án nokkurs kostnaðar, heldur gert ráð fyrir ferli sem tryggir gæði og hefur í för með sér kostnað.

101 Reykjavík

sími / phone: +354 515 5803 / +354 898 0071

hallgrimur@rannis.is

www.rannis.is



Alþingi
Erindi nr. P 141/473
komudagur 13.112012



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 -10

150 Reykjavík

Reykjavík 13. nóv. 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003, 198. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins skila hér með sameiginlegri umsögn um frumvarpið.

Í frumvarpinu felast breytingar sem samtökin styðja, þ.e. að rannsóknasjóður og rannsóknánámssjóður verði sameinaður og að markáætlun á sviði vísinda og tækni fái stöðu í lögum og að skýrt sé kveðið á um stjórn hennar og úthlutunarreglur.

Samtökin styðja einnig breytingu á nafni og starfssviði Tækjasjóðs sem verður Innviðasjóður að frumvarpinu samþykktu. Hins vegar leggja samtökin til að stjórn fyrirhugaðs Innviðasjóðs verði skipuð til jafns fulltrúum úr stjórn Tækniþróunarsjóðs og Rannsóknasjóðs. Einnig er lagt til að í fagkröfum til fulltrúa í fagráðum og stjórnar Innviðasjóðs verði litið til einstaklinga sem ekki bara hafi „*viðtæka reynslu af rannsóknum*“ heldur að þar veljist jafnframt til starfa einstaklingar sem hafi „*innsýn í nýsköpun og hagnýtingargildi rannsókna*“. Fyrirkomulag við Innviðasjóð yrði þannig eins og gilda á um markáætlun á sviði vísinda og tækni. Rökin eru þau að tækin (innviðirnir) eigi að gagnast öllum og að vísindaaðilar sem starfi á einkagrunni geti fengið úthlutun og að það sé ekki síður mikilvægt að hafa tækni- og atvinnulífshugsun en hreina vísindahugsun við þetta. Þetta getur t.d. átt við um uppbyggingu gagnagrunna.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins

Háskóli Íslands
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2012
HI11120070/50.1.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003

Vísindanefnd Háskóla Íslands gerir athugasemdir við tvö atriði í ofangreindu frumvarpi.

1) Í 4. gr (*Fagráð Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs*) segir:

„Fagráð metur umsóknir út frá vísindalegu gildi, færni og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkið og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi.“

Bent er á að í þessu orðlagi fellst áherslubreyting frá fyrri lögum en þar segir

„Fagráð metur umsóknir út frá færni umsækjenda til að framkvæma verkið og aðstöðu þeirra til þess. Jafnframt skal lagt mat á vísindagildi rannsóknanna á alþjóðlegan mælikvarða eða líkur á skráningu einkaleyfis eða hugverkaréttinda eftir því sem við á.“

Breyting í áherslum fellst í því að nú er lögð meiri áhersla á vísindalegt gildi verkefnis en færni umsækjenda.

Vísindanefnd telur ákaflega mikilvægt að mat á umsóknum byggji einkum á færni umsækjenda og getu hans til að birta niðurstöður rannsókna á viðurkenndum og ritrýndum vettvangi. Enn þann dag í dag liggur haugur af óbirtum rannsóknaniðurstöðum í skúffum og hirslum rannsóknastofnana út um allt land. Eins og allir vita þá nýtast slíkar niðurstöður takmarkað og er það slæm fjárfesting að leggja fé í rannsóknir sem ekki verða birtar.

Vísindanefnd leggur því til breytt orðalag:

„Fagráð metur umsóknir út frá færni umsækjenda og sannanlega getu til að birta rannsóknaniðurstöður á viðurkenndum vettvangi. Jafnframt skal lagt mat á vísindagildi rannsóknanna á alþjóðlegan mælikvarða og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkið sem og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi“

2) Í nýrri grein er kemur í stað 10gr. (*Niðurstöður rannsókna*) segir:

„Niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr sjóðum er falla undir lög þessi, skulu birtar í opnum aðgangi og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið. Styrkþegar skulu í öllum ritsmíðum sínum um niðurstöður rannsókna geta um þátt sjóðanna í viðkomandi verki.“

Vísindanefnd er sammála þeirri stefnu að birta á vettvangi þar sem aðgangur er opin. Mikilvægt er þó að taka tillit til þess að ekki hafa öll tímarit ennþá opinn aðgang og á sumum sviðum eru engin opin eða ókeypis tímarit. Einnig er vert að benda á að ýmis virt tímarit hafa enn ekki opnað ókeypis aðgang. Strangar reglur um birtingar í tímaritum með opinn aðgang geta því torvaldað vísindamönnum að birta rit sín og jafnvel leitt til birtinga á lakari vettvangi en ella hefði orðið. Þá er mikilvægt að hafa í huga fjármögnun birtinga áður en reglur um birtingar í opnum tímaritum eru settar. Þannig er mikilvægt að kostnaður vegna birtinga dragist ekki af því takmarkaða fé sem nú er veitt til rannsókna.

Taka þarf tillit til þess að þessi þróun mun líklega taka allnokkur ár. Því leggur vísindanefnd til breytt orðalag:

„Niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr sjóðum er falla undir lög þessi, skulu birtar í ritrýndum tímaritum og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið. Styrkþegar skulu í öllum ritsmíðum sínum um niðurstöður rannsókna geta um þátt sjóðanna í viðkomandi verki.“

Virðingarfyllt
f.h. vísindanefndar Háskóla Íslands

Guðrún Marteinsdóttir formaður